

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. október 2013
Tilvísun: UST20131000062/bs

Deiliskipulag - Hlöðuvellir á Laugardalsfrétti. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu dags. 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Eftirfarandi kemur fram í greinargerð: „Deiliskipulagssvæðið nær til núverandi skála, hesthúss og kamars og innan þess verður nýr skáli og salernishús einnig staðsett. Með skilmálum er leitast við að uppbygging verði í sátt og samlyndi við náttúruna, án varanlegra spjalla.“

Í umhverfismati áætlunarinnar kemur fram að helstu áhrif deiliskipulagsins gætu orðið áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Lögð verður áhersla á að draga úr þeim áhrifum jafnframt sem áhersla verður lögð á að framkvæmdir verði afturkræfar.

Með skólp verður farið í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og seyr fargað í samræmi við reglugerð nr. 799/1999.

Um helstu umhverfisáhrif segir í greinargerð: „Uppbygging á Hlöðuvöllum er ekki umfangsmikil. Áhersla er lögð á að halda byggingum nokkuð þétt, svo þær skapi eina heild. Byggingar eru lágreistar, málaðar í mosagrænum lit og eru því ekki áberandi í umhverfinu. Einnig er hægt að fjarlægja þær allar án þess að skilja eftir mikil ummerki og framkvæmdin því afturkræf.“

Niðurstaða umhverfismats áætlunarinnar er að áhrif hennar verði óveruleg og afturkræf. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur